



26. mars 2015

## Ræða

Más Guðmundssonar seðlabankastjóra.  
Flutt á 54. ársfundi Seðlabanka Íslands, 26. mars 2015.

Forseti Íslands, forseti Alþingis, fjármála- og efnahagsráðherra, innanríkisráðherra, bankastjórar, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir!

Við komum nú saman til 54. ársfundar Seðlabanka Íslands. Um líkt leyti fyrir fimm árum var einnig haldinn ársfundur. Þá var íslenskur þjóðarbúskapur á botni þess efnahagssamdráttar sem varð í kjölfar fjármálakreppunnar árið 2008. Óvissan var mikil um hvað framundan væri. Var botninum náð? Hversu sterk yrði uppsveiflan? Í hvaða mæli myndi atvinnuleysið minnka? Myndi takast að ná verðbólgu að markmiði og halda henni þar? Hvernig myndi há skuldastaða ríkis, heimila, fyrirtækja og þjóðarbús þróast? Hvernig myndi hinum nýstofnuðu heimamiðuðu bönkum reiða af? Var ytri staða þjóðarbúsins sjálfbær? Hvenær og hvernig myndi takast að losa þau víðtæku fjármagnshöft sem talið var nauðsynlegt að koma á í fjármálakreppunni?

Í ársfundarræðu fyrir fimm árum nefndi ég þrjár áskoranir sem ég taldi íslensk stjórnvöld standa frammi fyrir vegna þeirra aðstæðna sem þá voru til staðar. Orðrétt sagði ég:

*Í fyrsta lagi þarf að láta óhjákvæmilega aðlögun efnahagslífsins eiga sér stað án þess að verðbólga eða atvinnuleysi festist í sessi. Markmiðið er efnahagsástand sem einkennist af því að slaki er horfinn, hagvöxtur er í samræmi við vöxt framleiðslugetu, verðbólga er við markmið og ytri staða þjóðarbúsins er sjálfbær. Í öðru lagi að koma fótum undir fjármálakerfi sem þjónar íslenskum heimilum og innlendri atvinnustarfsemi og er jafnframt hvort tveggja í senn hagkvæmt og tiltölulega öruggt. Þriðja áskorunin er svo sú að endurreisa traust erlendra aðila á íslenskum stofnunum, efnahagslífi og fjármálakerfi, lagfæra tengslin við erlenda fjármálamarkaði og tryggja á ný eðlilegan aðgang ríkis og fyrirtækja að erlendum lánamörkuðum.*

Efnahagsbatinn var reyndar rétt að hefjast þegar þessi ársfundur var haldinn. Hann sótti síðan nægilega í sig veðrið til að vera fimm árum síðar búinn að endurheimta hástig landsframleiðslunnar fyrir fjármálakreppuna og eyða nær öllum slaka úr þjóðarbúskapnum. Samfara þessari þróun minnkaði atvinnuleysið verulega og er um þessar mundir nálægt því sem samrýmist jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Skipulagsumbætur gætu þó minnkað jafnvægisatvinnuleysi frekar í framtíðinni. Verðbólgan er um þessar mundir undir verðbólguþröngum og verðbólguvæntingar voru í kringum áramótin í samræmi við það. Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu hafa stöðugt minnkað síðan árið 2011 og horfur eru á að svo verði áfram á komandi árum. Skuldir heimila og fyrirtækja hafa einnig minnkað verulega. Þannig eru skuldir heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum þeirra á svipuðu stigi nú og árið 2005 og skuldir fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu hafa ekki verið minni frá því um mitt ár 2004.

Ytri staða þjóðarbúsins hefur reynst sjálfbær. Frá árinu 2009 hefur afgangur af viðskiptum með vöru og þjónustu verið um 8% af landsframleiðslu. Þetta er lengsta skeið samfellds afgangis yfir 5% af landsframleiðslu á því tímabili sem mælingar ná til sem er frá 1875. Ef litið er til afgangis af viðskiptajöfnuði í heild nam hann að meðaltali 5,5% af landsframleiðslu á ári sé litið framhjá áhrifum föllnu bankanna og öðrum færslum sem endurspeglar ekki fjárhagslega byrði Íslands. Viðskiptajöfnuðurinn hefur unnið á skuldum þjóðarbúsins og hefur undirliggjandi hrein erlend skuld þess minnkað um tæplega helming frá árslokum 2008 og nam 45% af landsframleiðslu í lok síðastliðins ár. Það breytir því ekki að enn á Ísland við greiðslujafnaðarvanda að stríða sem birtist í því að of stór hluti skuldanna er til of skamms tíma og hluti þeirra er í formi mögulega kvikra krónueigna erlendra aðila sem gætu sett mikinn þrýsting á gengi krónunnar eða gjaldeyrisfordra Seðlabankans ef þær hefðu frjálsta för úr landi.

Nýju bönkunum þremur vegnaði líka að mörgu leyti vel eins og sjá má meðal annars á því að eiginfjárlutfall þeirra hækkaði úr að meðaltali um 16% á árinu 2009 í tæplega 29% á síðasta ári. Upprunalegt gjaldeyrismisvægi í reikningum þeirra er nú innan marka reglna Seðlabankans og lausafjárstaða í bæði krónum og erlendum gjaldeyri hefur batnað. Þeir starfa hins vegar í skjóli fjármagnshafta og horft lengra fram er spurningum varðandi stærð þeirra og hagkvæmni að sumu leyti ósvarað.

Margt hefur því gengið okkur í haginn þrátt fyrir alþjóðlega hliðarvinda sem birtust framan af í töluverðri rýrnun viðskiptakjara og ennþá í veikum efnahagsbata meðal helstu viðskiptalanda okkar. Þegar litið er til áskorananna þriggja sem ég nefndi fyrr má segja að staðan sé að hinn þjóðhagslegi þáttur hafi hingað til í stórum dráttum gengið upp. Fjármálakerfið stendur líka mun traustari fótum. Það er helst varðandi þriðju áskorunina sem laut að því að tengja Ísland á ný við erlenda fjármálamarkaði þar sem frekara verk er að vinna. Mikilvægir áfangar hafa þó einnig náðst þar. Hagvöxtur, gott jafnvægi í þjóðarbúinu, afgangur af ríkissjóði og gjaldeyriskaup Seðlabankans skapa góðar forsendur fyrir losun hafta. Lánshæfismat bæði ríkissjóðs og

viðskiptabankanna hefur batnað. Ríkissjóður hefur fyrir nokkru öðlast aðgang að erlendum lánamörkuðum og bankarnir hafa opnað glufu á þær dyr.

En þó að margt hafi þannig áunnist er björninn ekki unninn. Skuldsetning er enn mikil með tilheyrandi viðkvæmni fyrir áföllum og fjármagnshöft eru óleyst. Hið þjóðhagslega jafnvægi er gott en brothætt. Í því efni stöndum við frammi fyrir þremur mikilvægum áhættuþáttum: í fyrsta lagi að samspil óróa á vinnumarkaði og umsnúnings slaka í spennu í þjóðarbúskapnum grafi undan verðstöðugleika og snúi viðskiptaafgangi í halla. Í öðru lagi að illa takist til við losun hafta með neikvæðum afleiðingum fyrir gengisstöðugleika, verðbólgu og stöðugleika fjármálakerfisins. Í þriðja lagi að alþjóðlegt efnahagsástand snúist okkur öndvert. Við megum því ekki ofmetnast og þurfum að vera á varðbergi ef takast á að varðveita nýfenginn stöðugleika og sigrast á þeim þremur áskorunum sem ég hef nefnt.

Mótun stefnunnar í peningamálum er um sumt flókin um þessar mundir eins og reyndar stundum endranær. Vextir bankans voru lækkaðir umtalsvert á síðustu tveimur mánuðum liðins árs, samtals um 0,75 prósentur. Það var gert með hliðsjón af ört minnkandi verðbólgu og því að verðbólguvæntingar voru orðnar nálægt verðbólguþröngunni. Verðbólga hefur síðan hjaðnað enn frekar og fór niður fyrir 1% í desember í fyrra og því þurfti Seðlabankinn að senda ríkisstjórn greinargerð um verðbólgu undir fráviksmörkum.

Þrátt fyrir að verðbólga mælist nú undir 1% hafa meginvextir Seðlabankans haldist óbreyttir í 4,5% það sem af er þessu ári. Það markast af nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi skýrist mjög lítil verðbólga um þessar mundir að nokkru leyti af snarpri lækkun alþjóðlegs olíuverðs og annars hrávöruverðs á seinni hluta síðasta árs. Lækkunin gæti verið tímabundin en jafnvel þó að svo verði ekki er hún utan áhrifasviðs peningastefnunnar. Auk þess má reikna með að kaupmáttur launa aukist reynist lækkun olíuverðs langlíf en að áhrifin á verðbólgu fjari út. Í öðru lagi eru blikur á lofti varðandi verðbólguhorfur sakir áhrifa innlendra óvissuþátta. Slaki í þjóðarbúskapnum er að snúast í spennu. Þá er mikil ólga á vinnumarkaði umfram það sem búast mætti við þegar litið er á þjóðhagslegar aðstæður og eftirspurn og framboð á vinnumarkaði í heild. Varðandi verðbólguhorfur skiptir mestu máli að einstakir hópar hafa sett fram mjög miklar launakröfur sem myndu setja verðbólgu á skrið og kalla á öflug viðbrögð peningastefnunnar ef þær yrðu niðurstaðan fyrir vinnumarkaðinn í heild. Í þriðja lagi eru vísbendingar um að verðbólguvæntingar, sem höfðu minnkað að markmiði í upphafi ársins, hafi aukist á ný undanfarnar vikur, þróun sem sennilega má rekja til óróa á vinnumarkaði.

Staðan á vinnumarkaði er í senn mikið umhugsunar- og áhyggjuefni. Launaþrýstingur sem teflir verðbólguþröngunni í tvísýnu er jafnan túlkaður þannig að spenna sé í þjóðarbúskapnum og umframeftirspurn sé á vinnumarkaði sem nauðsynlegt sé að bregðast við með aðhaldssamari peningastefnu. Ýmislegt bendir hins vegar til þess að þetta sé ekki meginskýringin nú heldur hitt að sátt um launahlutföll hafi brostið á sama tíma og opnun vinnumarkaðarins gagnvart útlöndum hafi sett þrýsting á þessi

hlutföll, í sumum tilfellum í gagnstæða átt við það sem krafa er nú um frá samtökum launafólks.

Gylfi Zoëga, sem situr í peningastefnunefnd Seðlabankans, benti nýlega á að því meiri sátt sem er um tekjudreifingu í samfélaginu því lægra er það stig atvinnuleysis sem samræmist lítilli og stöðugri verðbólgu. Aftur á móti því minni sem sáttin er því minna munu einstök stéttarfélög vilja leggja á sig við sköpun þeirra almannagæða sem felast í stöðugu verðlagi og því meira þarf þetta atvinnuleysi að vera. Þessi kenning byggir meðal annars á verkum eins helsta hagfræðings Ítala á síðari hluta tuttugustu aldar, Ezio Tarantelli, sem sýnir að okkar reynsla er langt í frá að vera einstök. Eigi þessi kenning við um núverandi aðstæður á Íslandi, sem ýmislegt bendir til, gæti aukin sátt í þessum skilningi skapað forsendur fyrir bæði minna atvinnuleysi og lægri vöxtum án þess að verðbólga fari úr böndum.

Hver sem ástæðan er skapar þessi staða hættu á niðurstöðu sem er verri fyrir heildina þó að einstakir hópar kunni að hagnast á kostnað annarra. Hér á því við, eins og á svo mörgum öðrum sviðum, að fyrir heildina er sáttalausn yfirleitt betri en átakalausn. Það er því mikilvægt að þeir sem um véla, einkum aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórn landsins, reyni að beina þróuninni í þann farveg.

Mikilvægt er að ákvarðanir í kjaramálum á næstu mánuðum byggist á réttum upplýsingum. Skýrsla heildarsamtaka vinnumarkaðarins sem birt var í síðasta mánuði og ber titilinn *Í aðdraganda kjarasamninga* gefur greinargóðar upplýsingar um launaþróun á undanförunum árum. Þar kemur til dæmis fram að áhersla á hækkun lægstu launa síðustu ár hefur a.m.k. að hluta til skilað sér og að á tímabilinu frá 2006 til til 2014 hækkuðu laun skrifstofu- og verkafólks mest og meira en launavísitalan í heild. Þá staðfestir skýrslan það sem áður hefur komið fram að laun á unna stund eru tiltölulega lág og framleiðni lítil í samanburði við viðskiptalönd sem er að einhverju leyti bætt upp með lengri vinnutíma. Þetta undirstrikar að aukin framleiðni er til lengdar forsenda aukins kaupmáttar launa.

Lítill framleiðniaukning á allra síðustu árum kann í þessu samhengi að vera áhyggjuefni. Á móti kemur að hún endurspeglar að hluta vöxt vinnuafslsfrækra greina eins og ferðaþjónustu sem lágt raungengi hefur stuðlað að og hefur gert minnkun atvinnuleysis hraðari en ella. Á það sinn þátt í að atvinnuleysi ungs fólks er sem betur fer mun minna hér á landi en í ýmsum viðskiptalöndum. Þegar fullri atvinnu er náð verður aukning framleiðni hins vegar enn mikilvægari.

Takist ekki að draga úr óróa sem nú er á vinnumarkaði og niðurstaðan verður sú að laun hækka langt umfram það sem samrýmist verðbólgu markmiði er óhjákvæmilegt að brugðist verði við með auknu aðhaldi í peningamálum, þ.e. með hækkun vaxta. Þótt verðbólga aukist framan af hefur peningastefnunefndin þau tæki sem þarf til þess að ná verðbólgu markmiðinu til lengdar. Hækkun vaxta myndi hins vegar hafa neikvæð áhrif á hagvöxt og atvinnu yfir nokkurt tímabil. Raunlaun og raungengi myndi hækka vegna

samsþils hækkunar nafnlauna og aukins aðhalds í peningamálum. Fyrirtæki myndu líklega bregðast við með því að hægja á ráðningum – jafnvel með uppsögnum. Hætt er við að slík framvinda myndi bitni mest á vinnuafslökum greinum með minni framleiðni og þeim sem veikast standa á vinnumarkaðnum. Það er því mikilvægt að fundin verði leið til að beina vilja til að bæta lífskjör almennings í farveg sem líklegri er til að skila varanlegri árangri án þess að ógna stöðugleikanum og þeim efnahagsbata sem hefur skilað okkur þetta mikið á leið.

Ágætu fundargestir. Nú hyllir undir að tekin verði afgerandi skref varðandi losun fjármagnshafta. Sumum finnst að það sé vonum seinna. Ekki má heldur draga úr því að höftin skaða íslenskan þjóðarbúskap. Við eigum erfitt með að leggja sæmilega nákvæmt mat á umfang skaðans og ég er ekki viss um að þær tilraunir sem hafa verið gerðar til þess hingað til standist allar skoðun. Hitt vitum við nokkuð örugglega að þessi skaði eykst með tímanum.

En við verðum að skilja eðli og umfang vandans sem við er að glíma ef við ætlum að leggja eitthvað sanngjarn mat á bæði þann tíma sem liðið hefur og hversu hratt sé hægt að losa höftin.

Í þessu sambandi hefur mér gefist vel til að opna augu erlendra aðila fyrir eðli og umfangi vandans að nefna að sameiginlegt gjaldþrot stóru bankanna þriggja er talið hafa verið þriðja stærsta gjaldþrot í sögu mannkyns. Gjaldþrot Lehman-bankans var stærra en uppgjóri þess er ekki lokið. En okkar uppgjör á sér stað í einu minnsta ríki heimsins og því tengist mjög umtalsverður greiðslujafnaðarvandi fyrir Ísland en greiðslujafnaðarvandi leikur lítið hlutverk í uppgjóri Lehman-búsins. Hitt sem ég nefni er að ef allar krónueignir búanna myndu bætast við núverandi aflandskrónur þá myndu þær aukast á ný í um hálfu landsframleiðslu. Við ætlum auðvitað ekki að láta þetta gerast en ef það gerðist væri hin nýja „snjóhengja“ orðin hlutfallslega mun stærri en sterling-snjóhengja Breta eftir seinni heimstyrjöldina sem var eftir því sem ég kemst næst í kringum þriðjungur af þeirra landsframleiðslu. Það tók þá á fjórða áratug að losa þau gjaldeyrishöft sem innleidd voru meðal annars af þessum sökum.

Algengasta leiðin til að lýsa vandanum er þó sú að líta til þess fjár sem líklegt er að leiti útgöngu um leið og höftin eru losuð. Þar er horft til búa föllnu bankanna, stöðu mögulega kvikra krónueigna í höndum erlendra aðila, sem stundum eru kallaðar aflandskrónur, og hugsanlegs útflæðis á vegum innlendra aðila. Í þessu sambandi getum við best sagt fyrir um hvað myndi gerast ef hömlum væri lyft af búunum án mótvægisáðgerða enda höfum við kortlagt búin út í hörgul. Meiri óvissa er varðandi aflandskrónurnar þar sem sumt af því fjármagni eftir útboð undanfarinna ára gæti verið þolinmótt fjármagn og sumir þeirra aðila sem að baki standa fullyrða statt og stöðugt að svo sé. Það er hins vegar öruggara að sannreyna það og tryggja áður en dyrnar eru opnaðar upp á gátt fyrir þessar krónur; og til þess eru leiðir.

Mesta óvissan er varðandi mögulegt útstreymi á vegum innlendra aðila. Það er í einhverjum mæli hægt að áætla þörf fyrir að auka á ný hlutdeild erlendra

eigna í eignasafni Íslendinga en það getur auðvitað gerst mishratt. Stærsti þátturinn til eða frá lýtur að trausti á Íslandi og fjármálakerfi þess þegar þar að kemur og um það er erfitt að segja til um nú. Það mun líka hafa úrslitaáhrif á mögulegt innflæði á vegum erlendra aðila á sama tíma.

Það er einmitt einn af lykilþáttum í undirbúningi losunar hafta að Ísland sé talinn traustur fjárfestingarkostur og að innlendir aðilar, og þá fleiri en einungis ríkið, hafi aðgang að erlendum lánamörkuðum á sjálfbærum kjörum. Við núverandi aðstæður þýðir þetta að við þurfum þjóðarbúskap sem er í vexti og góðu ytra og innra jafnvægi. Við þurfum afgang af ríkissjóði og minnkandi skuldahlutfall hans. Við þurfum nægilegan þjóðhagslegan sparnað til að standa undir eðlilegu fjárfestingarstigi. Miðað við núverandi horfur um fjárfestingu þýðir það að við þurfum afgang af viðskiptum við útlönd. Við þurfum nægilega stóran gjaldeyrisforða til að halda uppi trausti erlendra lánveitenda og láns hæfismati og sem veitir öryggi gegn sveiflum. Við þurfum bankakerfi sem stendur traustum fótum.

Eins og kom fram fyrir í ræðu minni stöndum við nú vel á marga þessa mælikvarða og forsendur eru til að bæta stöðuna enn frekar á þessu ári. Það hefur einnig bætt stöðuna að samningar náðust í lok síðastliðins árs um lengingu lánstíma skuldar Landsbankans við gamla bankann (LBI). Sú niðurstaða jók líkurnar á að hægt sé að halda áfram að stækka gjaldeyrisforðann og auka þann hluta hans sem ekki er fjármagnaður með erlendum lánnum. Á síðasta ári keypti Seðlabankinn gjaldeyri umfram að sem hann seldi fyrir 111 ma.kr. Það sem af er ári hefur bankinn keypt gjaldeyri fyrir 30 ma.kr. samanborið við 21 ma.kr á sama tíma í fyrra. Með sama áframhaldi verða gjaldeyriskaupin í ár því meiri en í fyrra. Þetta hefur leitt til þess að nú er forðinn orðinn stærri en þau erlendu lán sem tekin voru til að fjármagna hann. Munaði tæpum 65 ma.kr. í lok síðasta mánaðar. En við skulum ekki ofmetnast yfir þessu. Við þurfum stóran forða í aðdraganda losunar hafta.

Ég minntist á óvissu í mati á hugsanlegu gjaldeyrisútlæði við losun hafta. Eitt getum við hins vegar verið alveg viss um og það er að ef bú föllnu bankanna fengju á morgun frjálsa för og gætu skipt öllum krónueignum sínum í erlenda mynt og sama myndi gerast varðandi núverandi aflandskrónur að þá væri borin von að við næðum að varðveita stöðugleikann, hvað þá að byggja upp frekara traust, nema þá að nokkrum tíma liðnum. Seðlabanki Íslands hefur smíðað reiknilíkan sem ætlað er að meta áhrif mismunandi þróunar varðandi greiðslujöfnuð langt fram í tímann, þ.m.t. aðgerðir varðandi losun hafta. Ef það er notað á þetta tilvik kemur í ljós að allur gjaldeyrisforðinn myndi þurrkast út og gott betur ef hann yrði notaður til að verja gengið. Það kemur auðvitað aldrei til greina og því yrði fall gengisins verulegt. Ljóst er að ef innlendir aðilar hefðu frjálsa för með sitt fjármagn á sama tíma myndu þeir taka þátt í áhlaupinu og trausti myndi gufa upp. Við stæðum þá frammi fyrir nýrri gjaldeyriskreppu. Auðvitað er þetta að hluta til ýkt dæmi því krónueignir búanna eru ekki allar lausar á þessum tímapunkti og hluti aflandskróna gæti verið þolinmótt fé. En þetta gefur vísbendingu um hvers konar vandamál er við að glíma.

Við þurfum því aðrar lausnir sem varðveita stöðugleikann og koma í veg fyrir að viðbótarbyrðar séu lagðar á ríkissjóð eða íslenskan almenning. Þær eru til og að útfærslu þeirra hefur mikið verið unnið síðustu mánuði af erlendum ráðgjöfum, framkvæmdahópi um losun hafta sem vinnur í umboði stýrinfendar og sérfræðingum Seðlabanka Íslands og ráðuneytis fjármála- og efnahagsmála. Vil ég fyrir mína hönd þakka öllu þessu fólki fyrir mikil og góð störf.

Það er ekki tímabært að opinbera útfærslu lausna á þessum fundi. Auk þess er ekki rétt að sá sem hér stendur geri það uppá sitt einsdæmi. Losun fjármagnshafta er samvinnuverkefni Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar sem þýðir í raun að kjörnir fulltrúar hafa lokaorðið um aðgerðir og sérstaklega ef og þegar kemur til þess að beita tækjum sem ekki eru í verkfærageymslu bankans.

Ágætu fundargestir. Ég hef að þessu sinni gerst nokkuð langorður um peningastefnu og vinnumarkað annars vegar og fjármagnshöft hins vegar. Það er þó ekki að ósekju þar sem þetta eru langstærstu áskoranirnar sem við stöndum frammi fyrir í efnahagsmálum nú um stundir.

En málasvið Seðlabankans eru fleiri, ekki síst þau sem lúta að uppbyggingu og stöðugleika fjármálakerfisins. Við skulum vona að þegar við komum að ári saman til 55. ársfundar Seðlabanka Íslands geti áherslan verið á þessi atriði þar sem okkur hafi tekist farsælega að leysa úr núverandi brýnum áskorunum.

Á sviði fjármálastöðugleika hefur áherslan reyndar eðlilega einnig verið á þeirri áhættu sem tengist höftunum og mótun og innleiðingu þeirra varúðarreglna sem við höfum talið nauðsynlegar eftir að fjármagnshöft hafa verið losuð. Er það verk langt komið.

Að öðru leyti vísa ég varðandi mat á og viðbúnað vegna áhættu í fjármálakerfinu til þess að kerfisáhættunefnd og fjármálastöðugleikaráð koma saman til funda í næsta mánuði og að Seðlabankinn gefur út rit sitt *Fjármálastöðugleika* þann 22. apríl næstkomandi.

Ágætu fundargestir. Eins og kom fram í ræðu formanns bankaráðs fyrr á þessum fundi gekk Seðlabankanum nokkuð vel á síðasta ári að vinna að markmiðum sínum. Auk þess var unnið mikið starf við að tryggja að fjármagnshöft héldu eins og til er ætlast, við rekstur fjármálainnviða og endurheimt hruneigna og margt fleira. Þessi árangur hefði ekki náðst án þess hæfa og duglega starfsfólks sem Seðlabankinn býr að. Fyrir það vil ég þakka. Í því sambandi vil ég undirstrika mikilvægi þess að hvaða breytingar sem kunna að verða gerðar á lögum um Seðlabanka Íslands að hann verði áfram öflugt tæki til að varðveita peningalegan og fjármálalegan stöðugleika. Til þess þarf hann að vera sjálfstæður til að beita tækjum sínum í því skyni. Jafnframt þarf bankinn að vera bæði faglega sterkur og vinnusamur og vettvangur þar sem yfirstjórn og starfslið eiga frjótt samspil varðandi rekstur, greiningu og stefnumótum.

Ég vil að lokum þakka hinum margvíslegu samstarfsaðilum Seðlabankans fyrir samvinnuna á liðnu ári, ekki síst fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Fjármálaeftirlitinu. Þá þakka ég þeim fjármálastofnunum sem eiga viðskipti við Seðlabankann fyrir samstarfið. Einnig vil ég þakka samstarfið við Alþingi, einkum efnahags- og viðskiptanefnd.